

46. fundur hverfisnefndar lunda- og gerðahverfis haldinn í Leikskólanum

Lundarseli 25. okt. 2011 kl. 20.00

Mættir: Guðjón Ingvi Geirmundsson, Elvar Sævarsson, Arnheiður Jóhannsdóttir, Gígja Ívarsdóttir og Svala Björnsdóttir.

Dalsbrautarmál

- Elvar hafði samband við Helga bæjartæknifræðing varðandi sig. Þeir eru búnir að hæðarmæla það sem þeir telja fullnægjandi, s.s. fara inn á lóðir við Dalsbrautarstæðið. Niðurstöður mælinganna verða settar inn á heimasíðu Akureyrarbæjar. Hægt er að óska eftir ítarlegri mælingum og þá mun það að öllum líkindum kosta eitthvað fyrir íbúa.
- Bæjarlögmaður, bæjarstjóri og bæjartæknifræðingur eru farnir að skoða kostnað af hugsanlegum skaða vegna jarðsigs og munu niðurstöður vera væntanlegar.
- Elvar hafði samband við Þorgerði skólastýru Lundarskóla, ræddu þau Dalsbrautarmál vítt og breitt.
- Elvar var búinn að liggja aðeins yfir umhverfisskýrslu frá bænum og hefur áhyggjur af hljóðmön, vöntun á þeim til móts við Heiðarlund og skólann.
- Dreifibréf eru farin af stað frá okkur, vonandi skila þau tilætluðum árangri; að íbúar sendi inn athugasemdir við deiliskipulagið.
- Undirskriftasíða er farin af stað þar sem fólk er hvatt til að mótmæla lagningu Dalsbrautar, við vonumst eftir góðum viðbrögðum.
- Naustahverfið hefur byggst hægar en gert var ráð fyrir. Þegar ákveðið var að leggja í gerð Miðhúsabrautar átti að endurskoða lagningu Dalsbrautar. Núverandi meirihluti virðist ekki vilja hlusta á þá ákvörðun og er það miður.
- Minntum á fundinn annaðkvöld í Lundarskóla sem foreldrafélag Lundarskóla hefur boðað með skipulagsstjóra ásamt deildarstjóra framkvæmdadeildar þar sem þeir munu fjalla um öryggismál varðandi brautina.
- Ákveðið hefur verið að gera eyðublað fyrir undirskriftalista og láta liggja frammi á fundinum.

Fundi slitið kl. 21.15
Fundargerð ritaði,
Svala Björnsdóttir